

Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn föstudaginn 21. nóvember 2014, kl. 14:00 í fundarsal í Íþróttamiðstöðinni á Seyðisfirði.

Mættir: Björn Ingimarsson fh. Fljótsdalshéraðs, Páll Bj. Guðmundsson fh. Fjarðabyggðar, Margrét Guðjónsdóttir fh. Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ólafur Áki Ragnarsson fh. Vopnarfjarðarhrepps, Gunnþórunn Ingólfsdóttir fh. Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson fh. Borgarfjarðarhrepps, Páll Baldursson fh. Breiðdalshrepps, Gauti Jóhannesson fh. Djúpvogshrepps og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

Dagskrá:

1. Setning

Formaður Skólaskrifstofu Austurlands Gunnþórunn Ingólfsdóttir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gekk síðan til dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð var fram tillaga um Ólaf Áka Ragnarsson sem fundarstjóra og Pál Baldursson sem fundarritara, og var það samþykkt samhljóða. Í framhaldi tók Ólafur Áki við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Gunnþórunn Ingólfsdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár og var henni jafnframt dreift á fundinum.

Fundarstjóri lagði til að umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning yrði sameiginleg og var það samþykkt.

4. Ársreikningur 2013

Forstöðumaður lagði fram ársreikning fyrir Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2013. Reikningurinn er þegar áritaður af stjórn, forstöðumanni, skoðunarmönnum og endurskoðenda. Jafnframt lagði forstöðumaður fram ársskýrslu skrifstofunnar fyrir síðastliðið ár. Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2013 eru:

Heildartekjur: 445.044.120,-

Heildargjöld: 443.636.347,-

Rekstrarniðurstaða

eftir fjármagnsliði: 2.579.544,-

Að loknum umræðum var skýrsla stjórnar og Ársreikningur fyrir árið 2013 borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður lagði fram og útskýrði fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands fyrir árið 2015.

Í framhaldinu var fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2015 borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Skoðunarmenn

Borin var upp eftirfarandi tillaga um skoðunarmenn Skólaskrifstofu Austurlands:

Aðalmenn:

Póroddur Helgason	Reyðarfirði
Kristinn Briem	Reyðarfirði

Til vara:

Sigurlaug Jónasdóttir	Egilsstöðum
Andera Borgþórsdóttir	Reyðarfirði

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

a) Ný stjórn Skólaskrifstofu

Gunnþórunn Ingólfisdóttir formaður kynnti nýja stjórn Skólaskrifstofu Austurlands:

	Aðalmaður:	Varamaður:
Bogarfjarðarhreppur:	Jón Þórðarson	Jakob Sigurðsson
Breiðdalshreppur:	Hákon Hansson	Sif Hauksdóttir
Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson	Sóley Dögg Birgisdóttir
Fjarðabyggð:	Páll Björgvin Guðmundsson	Gunnar Jónsson
Fljótisdalshérað:	Björn Ingimarsson	Stefán Bragason
Fljótisdalshreppur:	Gunnþórunn Ingólfisdóttir	Lárus Heiðarsson
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Vilhjálmur Jónsson	Margrét Guðjónsdóttir
Vopnafjarðarhreppur:	Ólafur Áki Ragnarsson	Friðrik Óli Atlason

b) Að lokum þakkaði Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður stjórn, framkvæmdaráði, og starfsfólki fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

c) Formaður Gunnþórunn Ingólfisdóttir þakkaði fyrir góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 15:50.

Að loknum fundi kom Björt Sigfinnsdóttir og kynnti LungA skólann á Seyðisfirði fyrir fundargestum. En LungA skólinn er einkarekinn lýðháskóli sem leggur áherslu á listir, sköpun, mannrækt og á sérstöðu hvers einstaklings. Skólinn er fyrsti skóli sinnar tegundar á landinu og hóf reglulega starfssemi nú í haust eftir tilraunakennslu síðasta vetur. Við skólann stunda nú 11 nemendur nám og við hann starfa 3 kennarar auk stundakennara.

Fundargerð ritaði Páll Baldursson.